

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeigendur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í samþykktum um hunda- og kattahald á Fljótsdalshéraði, skulu greiða leyfisgjöld, sbr. 12. gr. í samþykkt um kattahald nr. 704/2010 og í samþykkt um hundahald nr. 705/2010.

#### 2. gr.

Af hundum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010, að upphæð kr. 14.000 á hvern hund. Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Af köttum skal innheimta leyfisgjald, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 705/2010, að upphæð kr. 9.500 á hvern kött. Gjald greiðist á gjalddaga 1. febrúar en eindagi er 28. febrúar ár hvert. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun og trygging auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 3. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykkt um hundahald nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 á Fljótsdalshéraði.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði sem eftir er af árinu.

#### 4. gr.

Handsömunargjald, skv. 12. gr. samþykktar nr. 704/2010 um hundahald á Fljótsdalshéraði er 21.000 kr.

Purfi að vista hund yfir nótt skal að auki greiða vörslugjald kr. 5.300 fyrir hvern dag umfram fyrsta sólarhringinn. Ef til aflifunar hunds kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

#### 5. gr.

Ofangreind gjaldskrá er sett með vísun til heimilda í samþykktum um hunda nr. 704/2010 og samþykkt um kattahald nr. 705/2010 og skv. 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Við staðfestingu gjaldskrár þessarar fellur úr gildi eldri gjaldskrá vegna hunda- og kattahalds hjá sveitarfélaginu, nr. 790/2010. Gjaldskráin var samþykkt af bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs þann 5. desember 2012.

*Egilsstöðum, 5. desember 2012.*

F.h. Björns Ingimarssonar bæjarstjóra,

**Stefán Bragason.**